

***BORGARRÁÐ 14. nóvember 2019: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi landfyllingu í Laugarnesi - R19100358***

Framhaldsfyrirspurn til Faxaflóahafna varðandi landfyllingu í Laugarnesi og fleira. 1. Svo virðist sem uppfylling gangi inn á verndarsvæði. Óskað er staðfestingar með útreikningum að svo sé ekki. 2. Hefur farið fram rannsókn á áhrifum uppfyllingar á fuglalíf á Skarfaskeri? 3. Hversu stórar byggingar er áætlað að rísi þarna? Hafa verið unnar einhverjar hugmyndir að vinnusvæði/byggingum fyrir Faxaflóahafnir? 4. Í drögum að breyttu aðalskipulagi er bygging vinnusvæðis Faxaflóahafna réttlætt með kolefnaspori dráttarbáta og styttingu leiða þeirra að væntanlegum flutninga- og skemmtiferðaskipum. Er það ekki svo að dráttarbátar byrja að fylgja stórskipum út frá mynni Reykjavíkurhafnar og fylgja þeim svo aftur jafnlangt? Hvers vegna er þá þörf að bátar séu á þessu svæði? Útskýra þarf nánar þá þörf. 5. Eru áætlanir um hluti þessarar uppfyllingar verða hafnarbakki? 6. Óskað er eftir loftmynd af hafnarsvæðinu þar sem verndarsvæðið er sýnt og stærð/umfang/lega nýrrar landfyllingar. 7. Er til hættumat og viðbragðsáætlun á mögulegu slysi/strandi þeirra risaskipa sem venja komur sínar hingað í hundraðatali. 8. Hver er metin umhverfisvá slíks slyss? 9. Er Sundahöfn hugsuð sem framtíðarhöfn fyrir Faxaflóahafnir? 10. Standa yfir viðræður við hafnarstjórn í Þorlákshöfn um að sameina hafnirnar?